

1870

4. júní.

útmæld Guðmundi Einarssyni, en það er efamál, hvort það sé gilt, að Guðmundur hefir afsalað sér lóð þessa til Péturs Eggerz, þaræð lóðin var í upphafi útmæld til verzlunarstaðar sérilagi. Að því er snertir hafnartoll af skipum, er sigla til Borðeyrar, og sem er greiddur ábúandanum samkvæmt byggingarbræfinu, hafið þér, herra amtmaður, drepíð á, að svo er fyrir mælt í optnefndum úrskurði dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864, að ekki verði heimtáður hafnartollur af skipum, sem liggja á höfn, þar sem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; en þó virðist yður ekki, að þessi ákvörðun sé heint bann ámóti því, að ábúandanum verði goldinn hafnartollur einsog hingað til.

Um leið og stjórnarráðið í öllu verulegu er yður samdóma um þetta mál, skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það: að ekki verður gefið ábúandanum á Borðeyri Pètri Eggerz neitt eptir af afgangi því, er hann samkvæmt byggingarbræfi sínu 10. marz 1857 á að greiða af jörðunni, sem skaðabætur fyrir tjón af verzluninni þar; — að honum leyfist fyrst um sinn að nota byggingarlóð þá, sem fyrrum var útmæld handa Guðmundi Einarssyni, en samt aðeins með því skilyrði, að hann greiði það afgang, 12 rd. á ári, sem tiltekið var; — og enn fremur: að úrskurður dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864 verður að standa óraskaður, að því er snertir hafnartoll af þeim skipum, er sigla upp Borðeyri, og samkvæmt þeim úrskurði verður það að vera komið undir því, hvort skipið hafi notað nokkurn blett á landi, eða ekki, hvort af því verði heimtáður hafnartollur.

17. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um þóknun handa póstafigreiðslumanninum í Norðurmúlasýslu.

Með bræfi, dagsettu 21. janúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem póstafigreiðslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorvaldur prestur Ásgeirsson að Hofteigi, sækir

um þóknun fyrir starfa sinn við póstafrgreiðsluna, og hafið þér jafnframt farið fram á, að honum verði veitt 6 rd. þóknun á ári fyrir ómak sitt.

1870.
17. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum fellst á, að þorvaldi presti Ásgeirssyni verði í þessu skyni veittir 4 rd. á ári frá 1. aprílm. þ. á., og skulu þeir greiddir af því fê, sem ætlað er til póstferða í norður- og austurumdæminu; hefir stjórnarráðið í dag skrifað landfógetanum, að borga þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

48. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um burt- fararpróf skólasveina í Reykjavík, sem segja sig úr skóla.

21. júní.

Með bræfi, dagsettu 14. októbrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, ber upp þá fyrirspurn, hvort það sè leyfilegt, að skólasveinar, sem hafa setið í 3. bekk B. og svo sagt sig úr skóla og notið heimakennslu, gangi undir síðara hluta burtfararprófs við skólann áður en tvö ár eru liðin frá því þeir sögðu sig úr skóla, og hvernig eigi að fara með þá lærisveina, sem sömuleiðis, er þeir hafa setið í 3. bekk B., en ekki eru fluttir upp í 4. bekk, segja sig úr skóla uppá eitt ár, og síðan njóta heimakennslu og sækja svo um að ganga undir próf við skólann og komast í 4. bekk, til þess að útskrifast, þegar þeir hafa setið þar eitt ár.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið getið þess, að ekki virðist þörf á sèrstaklegum ákvörðunum um hið síðara atriði spurningarinnar, er það sè á valdi kennaranna að gjöra út um það við inntökuprófið, hvort lærisveini þeim, sem í hlut á, verði veitt þessi undanþága, hafið þér aptur á móti farið þess á leit, að stjórnarráðið ákveði það, að lærisvein-